

Tímgun stofnsins og kvenfrelsið 3 maí 2016

Eins og allir vita eru börn eins og sársauki í rassborunni. Því fækkar mæðrum. Halldór Kiljan Laxness sagði eitt sinn, að fátt væri óheillavænlegra barni í lífinu en faðir þess, en móðirin þó sýnu skelfilegri. Það hyllir nú undir nýtt fyrirkomulag í mannheimum, þar sem egg úrvalskvenna munu frjóvguð á tilteknum búum með eggjum úrvalskarla. Þjóðviðhaldsnefnd ríkisins mun sjá um að velja einstaklinga, hæfa til undaneldis, í samráði við þar til bæra sérfræðinga. Þannig má skilja hismið frá kjarnanum. Og konur munu loksins frelsast frá meðfæddu helsi sínu - að eiga börn og ala þau á brjósti. En í því efni er við hinn Almáttka ás að sakast - ekki karlegt meinedli eins og öfgafullir kvenfrelsarar staðhæfa. Við, karlkyns kvenfrelsarar af hófsamari meiði, fögum þessari þróun sérstaklega. Það bætir enn úr skák, að frá útungunarstöðinni fara krílin í uppeldisbúðir, ekki ósvipuðum Kibbútsunum í Í fyrirheitna landinu sjálfu.